Rosalingarnir

skemmtihefti

123skóli

- Hver er ykkar skoðun á Hjálparhellinum? Er sniðugt að hafa slíkan stað í skólum? Ef þið fengjuð að hanna Hjálparhelli í ykkar skóla, hvernig væri umhorfs þar? Hvaða aðstoð væri í boði? Er kannski Hjálparhellir í ykkar skóla?

- Melkorka Marsibil, Artúr og Sólberg7 þekktust ekki áður en þau hittust fyrir framan Hjálparhellinn. Og satt best að segja voru þau mjög ólík og með mismunandi áhugamál. Hvernig stóð á því að krakkarnir urðu svona góðir vinir?

- Er Ari snobb agalegur? Hverjir eru kostir hans og gallar? Hvað fannst ykkur um Ara þegar hann birtist fyrst í sögunni? Breyttist skoðun ykkar á honum í sögulok? Af hverju? / Af hverju ekki?

- Hvað lærði herra Halli af samskiptum sínum við Rosalingana? Hvernig breyttist líf hans?

- Hvernig fannst ykkur endirinn á sögunni? Er Halli á réttum stað? Ætli Sólberg7 og Ari verði vinir?

Áður en þú lest bókina

Skoðaðu vel bókarkápuna og lestu textann aftan á bókinni.

Um hvað heldur þú að bókin fjalli?

Giskaðu í örstuttu máli:



_____

_____

_____

_____

_____

_____

Á bókarkápunni sjást fjórar persónur.
Hver heldur þú að sé fremst á myndinni? _____
Hver er aftan á bókinni? _____
Hver heldur þú að húki undir ljósastaur? _____

Giskaðu á merkingu orðsins *Rosalingar?*

_____

_____

Hver er höfundur bókarinnar? _____

Hvaða ár kom bókin út? _____

Hver teiknar myndirnar í bókina?_____

Bókin er _____ blaðsíður og í henni eru _____ kaflar.

Hvaða fleygu orð er að finna í byrjun bókarinnar? Skrifaðu þau hér.

Á meðan þú lest bókina

Við lestur bókarinnar kynnist þú fullt af sögupersónum. Safnaðu saman upplýsingum um eftirfarandi persónur á meðan þú lest.

Sólberg7

Artúr

Melkorka Marsibil

Herra Halli (Halldór Satúrnus)

Ari

Hvaða persónu heldur þú mest upp á? Af hverju?

_____

Hvaða kennslustund með herra Halla hefðir þú viljað taka þátt í?

- ☐ Ánamaðkarannsóknin.
- ☐ Danskennslan.
- ☐ Tímaflakk með sýndarveruleikagleraugum.
- ☐ Prjónaslaufusöfnunin.
- ☐ Að spreyja listaverk á skólavegg.

Af hverju? _____

_____

Krakkarnir urðu orðlausir þegar herra Halli kallaði þá Rosalingana sína og hrósaði þeim í strætisvagninum. Þegar þeir loksins vissu hvað ætti að segja var það orðið of seint. Hvað hefðir þú sagt við herra Halla ef þú værir ein/n af Rosalingunum?

Rosalegar tilviljanir urðu til þess að sagan endaði ekki bara á blaðsíðu 57. Hvaða tilviljanir voru það? Hvar áttu þær sér stað?

1. _____

_____

2. _____

_____

3. _____

_____

Hvernig líst þér á rapparanafnið Sólberg7? _____



Hvaða fjóra staði heimsóttu Rosalingarnir í leit sinni að herra Halla?

Dragðu hring utan um rétta valmöguleika.

Sundlaug	Bókasafn	Alþingi	Lögreglustöð
Leikskóla	Verslunarmiðstöð	Bakarí	Elliheimili
Kirkjugarð	Gæludýraverslun	Leikhús	Umferðarmiðstöð
Dýragarð	Tölvuleikjaverslun	Hjólabrettagarð	Ísbúð

Af hverju er þessi mynd í bókinni? Útskýrðu!

_____
_____
_____
_____
_____
_____



Snúðu þér að þeim sem situr þér á hægri hönd og farið í störukeppni.
Það má ekki blikka og ekki hlæja.
Hver vann: _____

Hver er Dagný?
Útskýrðu með mynd.

Hvað var herra Halli að gera á bókasafninu? Nefnið tvennt.

_____
_____

Fylltu inn í talblöðruna.
Skrifaðu góð lokaorð frá herra Halla.

SÖGURÝNI

Þegar þú hefur lokið lestri

Hvert er sögusviðið? Hvar gerist sagan?

_____

_____

_____

Innri tími
Hvað gerist sagan á löngum tíma?

Ytri tími
Hvenær gerist sagan? Í fortíð, nútíð, framtíð, á ákveðnum tíma...

Söguþráður/atburðarás
Nefndu fimm atburði sem móta atburðarásina:

- ▶▶
- ▶▶
- ▶▶
- ▶▶
- ▶▶

Hvernig endar sagan?
Hvernig eru mál sögunnar útkljáð?

☆☆☆☆☆

Hvaða lýsingarorð passa við söguna að þínu mati?
Þú mátt merkja við fleiri en einn valmöguleika.

☐ skemmtileg	☐ leiðinleg	☐ kaldhæðin	☐ fyndin
☐ áhugaverð	☐ fljótlesin	☐ torlesin	☐ nútímaleg
☐ gamaldags	☐ spennandi	☐ sorgleg	☐ langdregin

Myndir þú mæla með bókinni? Af hverju?/ Af hverju ekki?

Skoðaðu bókarkápuna. Lýsir hún sögunni vel?

Ef þú værir höfundur bókarinnar hvaða titil hefðir þú valið. Finndu nýjan titil á bókina:

_____

Ef til stæði að gera kvikmynd eftir bókinni, hvaða þekktu leikara viltu sjá í hlutverki

Herra Halla:_____

Silla sælgætissala: _____

Klöru yfirlögregluþjóns:_____

Geirharðs tónlistarkennara: _____

Upplýsingaleit

Á blaðsíðu 46 í bókinni finnur þú upplýsingar um uppáhalds hljómsveitina hans herra Halla. Grúskaðu líka á netinu og aflaðu þér upplýsinga um **The Rolling Stones.**

Hljómsveitin var stofnuð í _____

árið _____.

Þeir sem skipa hljómsveitina í dag heita:

- M_ _ _ J_ _ _ _ _
- K _ _ _ _ R_ _ _ _ _ _ _
- C_ _ _ _ _ _ W_ _ _ _
- R _ _ _ _ _ W_ _ _ _



Finndu fimm vinsæl lög með sveitinni.

-
-
-
-

Hefurðu heyrt um þessa hljómsveit áður?
Þekkir þú lög með henni?

Hvaða íslenska hljómsveit hitaði upp fyrir *The Rolling Stones* á tónleikaferð þeirra um heiminn árið 2019?

_____

Töfrasýningin hans herra Halla vakti mikla athygli. Þú ert fréttamaður frá *Morgunfréttadagblaðinu* sem fórst á sýninguna. Skrifaðu frétt um hana.

Hafðu í huga:

- Grípandi fyrirsögn.
- **Hvað** átti sér stað?
- **Hver/hverjir** komu við sögu?
- **Hvar** fór atburðurinn fram?
- **Hvenær**?
- **Hvernig** gekk? Gerðist eitthvað markvert?
- Hvað fannst öðrum gestum um sýninguna?
- Hvað fannst töframanninum sjálfum um sýninguna.

Frétt

Leikrit

Veljið eitt af eftirfarandi augnablikum úr sögunni.

Semjið handrit og setjið upp leikrit.

Hvernig á að skrifa handrit að leikriti?

Hafið í huga:

- Hvaða persónur koma fram í leikþættinum? Hversu mörg eru hlutverkin? Skipið í hlutverk.
- Viljið þið bæta við persónum? Hvaða persónur henta henta í atriðið? Notið persónur úr sögunni eða skapið nýjar.
- Takið ákvörðun um hvort heppilegt sé að hafa sögumann í atriðinu eða ekki.
- Hver er sviðsmyndin? Hvar fer atriðið fram?
- Hver er atburðarásin í atriðinu? Hvað gerist?
- Skrifið texta fyrir allar persónur. Nýtið samtölin í bókinni en verið óhrædd við að leggja persónum ykkar orð í munn.
- Skrifið einnig svigamál. ( )
  Leiðbeiningar um
  - hvar atriðið á sér stað
  - hvað gerist
  - hvernig leikarinn á að bera sig að á sviðinu
  - hvaða áherslur leikari þarf að nota þegar hann flytur textann.

Á bókasafninu

(Rosalingarnir eru staddir á bókasafninu. Þeir eru ráðvilltir, vita ekki hvað skuli gera næst í leitinni að herra Halla. Það er grafarþögn og stútfullar bókahillur gnæfa yfir krakkana. Þeir verða að hvísla því bergmálið er gríðarlegt. Þeir vita ekki að bak við bókahillu situr Ari snobb á gólfinu og les í bók.)

Sólberg7: (*æst hvísl*) Hvað nú? Herra Halli er ekki hér. Hér er engin töfrasýning í gangi sko!

Artúr: (*tautar lágt og stamar*) En það ... hérna, stóð á ... auglýsingunni ... að hann yrði ... hér í dag. (Hann sest á gólfið, með vonleysissvip.)

(Sólberg7 bölvar og kýlir í bækur í bókahillu. Bækurnar detta úr hillunni sem falla á Ara.)

Ari: (*heldur um hnakkann og æpir af sársauka*) Áááááááá!

(Melkorka Marsibil og Sólberg7 troða sér í gegnum gatið og fleiri bækur hrynja ofan á Ara.)

Ari: (*æpir enn hærra en áður,lítur undrandi upp*) ÁÁÁÁÁÁÁÁÁÁÁi!

Veldu þér eitt af eftirfarandi ritunarverkefnum.

☐ Hvað er málið með Ara snobb.

Lítið er vitað um Ara þar sem hann var einungis aukapersóna í sögunni. Fylltu í eyðurnar og segðu sögu hans í stuttu máli.

Hvers vegna fór Ari í Hjálparhellinn?
Hvernig leist honum á herra Halla í fyrstu?
Hvaða hæfileikar Ara fengu að njóta sín í kennslustundum með herra Halla?
Hvernig manneskja er Ari inn við beinið?
Hvað gerði Ari þegar herra Halli hvarf?
Hvernig vissi Ari að herra Halli væri á bókasafninu?
Hvað finnst honum um Sólberg7, Artúr og Melkorku Marsibil?

☐ Dagbók Sólberg7

Sólberg7 skrifar í dagbókina sína daginn sem hún hittir nýja kennarann, herra Halla.

Hvernig leið henni í skólanum?
Hvað gerðist sem kom henni í uppnám?
Hvernig líður henni með að vera send í Hjálparhellinn?
Hvernig líst henni á hina krakkana, Artúr og Melkorku Marsibil?
Af hverju var hún ókurteis við herra Halla?
Er hún spennt að mæta í næsta tíma í Hjálparhellinum?

☐ Viðtal við Melkorku Marsibil og Artúr hjá KrakkaRÚV

Tilvalið hópverkefni

Krakkarnir eru boðaðir í viðtal hjá KrakkaRÚV. Þau eru spurð spjörunum úr um hvernig þeim gangi í Skólanum-allt-um-kring, hvarvetna og alls staðar.

Hvernig er sá skóli ólíkur Rammaskóla?
Hvernig eru kennslustundirnar?
Er herra Halli enn að fremja töfrabrögð?
Hvernig ganga samskiptin við Ara snobb?

Semdu fleiri spurningar. Leggðu Artúri og Melkorku Marsibil orð í munn og skrifaðu viðtal.

Lestu og hlustaðu á fyrsta erindið í *Lofsöng* (íslenska þjóðsöngnum) vel og vandlega. Finndu í orðabók merkingu þeirra orða sem þú skilur ekki. Melkorka Marsibil túlkaði þjóðsönginn með dansi. Hvernig vilt þú túlka hann?

Ó, guð vors lands! Ó, lands vors guð!
Vér **lofum** þitt heilaga, heilaga nafn!
Úr sólkerfum himnanna hnýta þér krans
þínir **herskarar**, tímanna safn.
Fyrir þér er einn dagur sem þúsund ár
og þúsund ár dagur, ei meir:
eitt **eilífðar** smáblóm með titrandi tár,
sem **tilbiður** guð sinn og deyr.
:; Íslands þúsund ár, ;:
eitt eilífðar smáblóm með titrandi tár,
sem tilbiður guð sinn og deyr.

Ljóð: Matthías Jochumsson
Lag: Sveinbjörn Sveinbjörnsson